

AUGLÝSING

97

um

2. des.

breyting á takmörkum Reyðarfjarðarhéraðs og
Fáskrúðsfjarðarhéraðs.

Samkvæmt heimild þeirri, er veitt er í 2. málsg. 1. gr. laga 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða m. m., hefir ráðuneytið eftir tillögum sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu, gert þær breytingar á skipun læknishéraða í sýslunni, að suðurbyggð Reyðarfjarðar gangi undan Fáskrúðsfjarðarhéraði og undir Reyðarfjarðarhérað, og ennfremur, að Norðurdalur í Breiðdal gangi undir Berufjarðarhérað.

Þetta kunngjörist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. desember 1929.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1928.

T e k j u r.

1. Eign í árslok 1927 (Stj.tíð. B, 1928, bls. 140).	kr.	50469 62
2. Vextir á árinu:		
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	912 50
b. — veðskuldabréfum	—	120 00
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	—	1411 52
d. — innstæðu í sparissjóði	—	198 70
		<hr/>
		2642 72
3. Gjafir og tillög á árinu	—	380 97
4. Tekjur af útgáfum sálmabókar	—	3000 00
5. Ágóði af bréfakaupum	—	392 55
		<hr/>
	Kr.	56885 86